

Skógarvörðurinn á Vöglum.

---

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1972.

---

Ísleifur Sumarliðason.

---

## Starfsskýrsla skógarverðarins á Vöglum fyrir árið 1972.

.....

### 1. Veðurfar ársins.

Í janúar var veðurfar lengst af með afbrigðum hlýtt og gott.

Sunnan og suðaustanátt var tíðust í mánuðinum. Mesta snjó-dýpt mældist 70 cm., meðalsnjódýpt var 13 cm.

Hámark hita mældist 9.2 stig 29 janúar, en lágmark -15.0 stig 27. s. m.

Í febrúar var milt og hagstætt, mjög snjólítið. Sunnan og suðaustanátt var tíðust. Meðalsnjódýpt var 10 cm. en mest var snjó-dýptin 23 cm.

Hámark hita mældist 8.8 stig 22 febrúar, en lágmark -19.9 stig 16. s. m.

Í marz var tíðarfar milt og hlýtt. Þrútnaði brum á lerki og birki, sérstaklega á því fyrr nefnda og lá við að það færi að springa út.

Einkum var ríkjandi suðlæg og suðvestlæg átt. Meðalsnjó-dýpt var 3 cm, mest 20 cm. síðast í mánuðinum.

Hámark hita mældist 8.4 stig 10. og 16. marz, lágmark -8.9 stig 31. s. m.

Í apríl var hagstætt tíðarfar, snjólítið og frekar hlýtt. Átt var breytilegt, norðan átt nokkuð áberandi. Meðalsnjó-dýpt var um 13 cm, mest 30 cm.

Hámark hita mældist 14.5 stig 24. apríl, en lágmark -16.4 stig 9. s. m.

Í maí var tíðarfar yfirleitt hagstætt, ekki sízt fyrri hluti mánaðarins, hlýtt. Yfirleitt ríkti suðlæg átt.

Lerki var farið að litkast 12. maí og brum á birki mjög tekið að þrútna. Þann 18. var birkiskógurinn farinn að litkast og lerki að verða algrænt og 21. var skógurinn grænn yfir að líta.

Hámark hita mældist 15.2 stig 12. maí, en lágmark -7.6 stig 1. s. m. Frost mældist sex sinnum í málaskýli.

Í júní var frekar kalt, breytileg átt, en þó einkum suð-læg. Úrkoma var óvenju mikil miðað við venju.

Hámark hita mældist 16.4 stig 12. júní en lágmark -22.0 stig 1. s. m.

Í júlí var breytilegt átt og óvenju oft úrkoma og því heldur óhagstætt veður til heyskapar.

Hámark hita mældist 19.7 stig 27. júlí, lágmark 3.2 stig 17. s. m.

Í ágúst var breytileg átt en norðlæg eða norðvestlæg átt var þó einkum ríkjandi fyrri hluta mánaðarins en suðlæg og suðaustlæg átt einkum síðari hluta mánaðarins. Úrkoma var tíð. Um og upp úr 23. ágúst fór skógurinn að gulna.

Hámark hita mældist 17.4 stig 13. ágúst, lágmark -0.2 stig 21. s. m.

Í september var norðlæg átt nokkuð tíð fyrstu 11 daga mánaðarins og talsverð úrkoma. Síðan var aðallega suðlæg átt og afar lítil úrkoma.

Skógurinn var alveg gulur því að líta 19. september og var talsvert fallið af laufi. Lauflaus var skógurinn 23. s. m.

Hámark hita mældist 16.8 stig 17. sept., lágmark -1.7 stig 13. s. m.

Á lágmarksmáli við jörð mældist frost ellefu sinnum, mest -4.5 stig.

Í október var tíðarfar frekar hagstætt, þó setti niður nokkurn snjó síðast í mánuðinum. Mældist mesta snjódypt 40 cm 28. okt. Átt var breytileg og væg frost.

Hámark hita mældist 12.6 stig 18. október, lágmark -8.0 stig 24. s. m.

Í nóvember var breytileg átt, þó ríkti einkum norðlæg átt. Frost voru ekki hörð, þó hiti væri nokkuð neðan við meðallag.

Óvenju mikinn snjó setti niður í mánuðinum og úrkomu-magnið var afar mikið. Meðalsnjódypt mældist 67 cm., mest 110 cm. Oftast nsjóaði í frost litlu veðri og brotnaði því sligaðist mikið af trjám og plöntum í skóginum. Er fyrir-sjáanlegt að mikið verk verður að hreinsa burt brotin tré.

Hámark hita mældist 6.9 stig 24. nóvember, lágmark -12.0 stig 23. s. m.

Í desember ríkti einkum austlæg og n.-austlæg átt fyrri hluta mánaðarins, síðan einkum suðlæg og suðaustlæg átt.

Mikil snjóþyngsli voru í mánuðinum og var meðal snjódypt 93 cm., mest 120 cm.

Mikið hvassviðri gerði aðfaranótt 22. desember. Aðeins smávægilegar skemmdir urðu hér í sveitinni. Hey fauk allvíða, en þó ekki svo verulega mánaði um.

Hámark hita mældist 9.0 stig 19. des., lágmark -15.5 stig 11. s. m.

Hita- og úrkommælingar á Vöglum árið 1972.

---

	<u>Vik frá meðall.</u>	<u>Meðalhiti C°</u>	<u>Úrkoma mm.</u>
Janúar	3.9	0.9 ( -7.7 )	75.1 ( 56.6 )
Febrúar	2.2	-0.9 ( -2.3 )	24.1 ( 54.9 )
Marz	2.5	0.6 ( -1.7 )	44.6 ( 69.4 )
Apríl	0.8	0.9 ( 0.6 )	65.6 ( 76.0 )
Mai	2.0	7.1 ( 5.7 )	26.5 ( 35.6 )
Júní	-1.0	7.7 ( <del>18.0</del> )	114.0 ( 18.8 )
Júlí	0.3	10.4 ( 10.2 )	41.6 ( 30.0 )
Ágúst	-0.8	8.5 ( 8.4 )	41.2 ( 79.0 )
September	0.0	6.4 ( 5.8 )	73.4 ( 56.0 )
Október	0.4	2.4 ( 1.3 )	99.8 ( 65.5 )
Nóvember	-1.4	-1.8 ( -2.7 )	218.4 ( 92.0 )
Desember	<u>1.8</u>	<u>-0.7</u> ( <u>-3.4</u> )	<u>125.2</u> ( <u>81.0</u> )
Árið		<u>3.5</u> ( <u>1.9</u> )	<u>949.5</u> ( <u>714.3</u> )

Tölurnar í svigum gefa til kynna hita og úrkomu ársins 1971.

## 2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

### A. Laufgun og lauffall.

Svo sem að framan getur var lerki tekið að litkast og brum á birki mjög tekið að þrútna 12. maí, 18. sm. er birkiskógurinn að litkast og lerki að verða algrænt og 21. var birkiskógurinn grænn yfir að líta.

Þann 23. ágúst var skógurinn farinn að gulna, 19. september var hann alveg gulur og 23. s. m. var skógurinn lauflaus.

### b. Vöxtur.

Vöxtur var nokkuð góður bæði á barr- og laugplöntum. Síðast en ekki síst mátti sjá áhrif úrkomunnar í sumar til bóta fyrir allan gróður jarðar, sérstaklega á þurrum móm og melum. Betra veðurfar á auðvitað einnig sinn þátt í því.

### c. Fræfall.

Talsvert var af birkifræi á skóginum í haust og var safnað um 18 kg. af fræi.

Ennfremur var safnað nokkru magni af lúpínufræi og verður því dreift út á Hálsmela að vori.

### d. Skaðar á trjám.

Um skaða á trjágróðri af völdum snjókmu er áður getið. Mikið snjóaði í nóvember og desember í frostlitlu veðri, sem sligaði og braut óvenju mikið hér í skóginum. Verður ærið verk að hreinsa það burt, en hjá því verður ekki komist og þá fyrst og fremst á fjölförnustu stöðunum.

### 3. STARFSFÓLK.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda starfsfólks í hverjum mánuði og kaupgreiðslur. Ákvæðisvinna er talin með í tölu yfir vinnustundir.

#### Starfsfólk Skógræktar ríkisins, Vöglum, árið 1972.

<u>Mánuður</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Vinnust.</u>	<u>Laun kr.</u>
Janúar	5	407	46.988.00
Febrúar	3	224	26.059.00
Mars	3	267	31.242.00
Apríl	7	445	54.587.00
Mai	18	2.011	248.565.00
Júní	22	2.943	411.871.00
Júlí	16	2.296	318.379.00
Ágúst	14	1.749	248.609.00
September	14	1.346	194.182.00
Október	17	1.324	188.095.00
Nóvember	9	408	60.332.00
Desember	3	78	11.392.00
<u>Alls</u>	<u>13.497</u>	<u>13.497</u>	<u>1.840.312.00</u>

#### Skipting vinnulauna:

Dagvinna	12.022	1.385.679.00
Ákv.v.	253	43.258.00
Eftirv.	2.039	353.264.00
Nv. og hdv.	183	46.206.00
Fæðispen.		11.905.00
<u>Alls</u>	<u>13.497</u>	<u>1.840.312.00</u>

Af þessu var greitt til íbúa Hálshrepps kr. 1.455.879.00  
Ráðskona var til júlí loka Marselína Hermannsdóttir, en  
þá tók Sigurlaug Jónsdóttir við.

Skógarvörður annaðist verkstjórn í gróðrarstöð, svo og  
við önnur störf nema um girðingar sá Þórhallur Guðnason.

Skógarvörður sá einnig um framkvæmdir Skógræktarfélags  
S.-Þingeyinga.

#### 4. G I R Þ I N G A R.

##### a. Nýjar girðingar.

Girt var 800 m. löng girðing skammt frá Bakkaseli, frá Fnjóská upp í kletta í fjallinu.

Girðing þessi var girt fyrst og fremst til að létta á beitarhólfum sem Þórðarstaðabændur hafa haft til afnota fyrir fénað sinn, innan skógargirðungarinnar. Þar er nú hafin uppgræsla örfoka lands. Girðingarstæði er örðugt og hætt við að viðhald reynist erfitt.

Af efni í girðinguna var notað:

160 birkistaurar 5 f. fúav.  
60 " " 6 " "  
85 járnstaurar  
1 hliðgrind og staurar  
8 rl. vírnet  
4 - gaddavír  
1 - sigavír  
3 sk. sement

Vinnulaun urðu kr. 39.712.00

Afhent var 25 rl. vírnet og 10 rl. gaddavír til að girða upp girðinguna að Ytra-Fjalli í Aðaldal. Girðingastaura þarf að ætla þangað.

##### b. Viðhald girðinga.

Viðhaldskostnaður girðingaefni ( birkistaurar ) og eftirlit og smölun varð þessi:

	<u>Viðhaldskostn.</u>	<u>Staurar</u>	<u>Eftirlit &amp; smölun.</u>
Vaglagirðing.... kr.	6.800.00	2.700.00	1.088.00
Þórðarstaðag.... -	34.992.00		7.344.00
Sigríðrast.girð. -	2.992.00	2.700.00	3.808.00
Mela-og Stórh.g. -	11.424.00	4.800.00	2.720.00
Sandhaugagirðing -	14.144.00	4.620.00	6.392.00
Fellsskógarg.... -	<u>9.792.00</u>	<u>15.120.00</u>	
Alls kr.	<u>80.104.00</u>	<u>15.120.00</u>	<u>21.352.00</u>

Í Vaglagirðingu var bætt 45 staurum 6 f. fúav. og 1 vírneti. Var þar með byrjað að girða upp suður hluta girðingarinnar, vark girt frá ánni upp að brekku en jarðýtu þarf til að hækka þar undir á pörtum ofar. Þar sem ýta var ekki fánleg í sumar varð að fresta frekari framkvæmdum.

Í Sigríðarstaðagirðingu var bætt 25 staurum 5 f. og 25 staurum 6 f. fúav.

Í Mela- og Stórhöfðagirðingu var bætt 100 staurum 5 f. fúav. Girðingin er að verða ónýtt og svo sannarlega er kominn tími til að girða hana upp eins oft hefur verið getið áður, ekki má heldur gæyma girðingunni um Skuggabjargaskóg.

Í Sandhaugagirðingu var bætt 45 staurum 6 f. fúav., 35 staurum 5 f. fúav. og 35 járnstaurum. Var girðingin girt upp að miklu leiti á fjallinu. Sett var upp ný hliðgrind og hliðstólpur skammt frá þænum.

Í Fellsskógargirðingu var bætt 5 staurum 6 f. fúav. og settar upp tvær hliðgrindur ásamt hliðstólpum.

Full ástæða er til að halda áfram endurbótum á girðingum á komandi sumri.

## 5. SKÓGARHÖGG.

### Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1972.

	<u>Staurar 4 fet</u>	<u>Staurar 5 fet</u>	<u>Staurar 6 fet</u>	<u>Eldiv. tonn</u>	<u>Efniv. tonn</u>	<u>Krónur Samtals.</u>
Sala 1972		890	930	7.60	0.50	1388485.-
S. r. Vöglum		330	175	5.00		37.340.-
Birgðir Vöglum	50	500	2050	15.00	3.00	145.100.-
" Þórðarst.	_____	_____	_____	<u>3.00</u>	_____	<u>4.200.-</u>
	50	1720	3155	30.60	3.50	325.125.-
Birgðir 1971	_____	1000	1200	13.00	3.00	<u>72.700.-</u>
Högg 1972	50	720	1955	17.60	0.50	<u>252.425.-</u>
Tonn	<u>0.20</u>	<u>2.80</u>	<u>12.70</u>	<u>17.60</u>	<u>0.50</u>	<u>33.80</u>

Tafla yfir skógarhögg og viðarsölu 1972, sýnir að seldar og afhentar voru viðarafurðir fyrir kr. 138.485.-, til eigin nota fyrir kr. 37.340.00 og birgðir jukust um kr. 76.600.00, alls kr. 252.425.00.

Seld voru 164 jólatré, þar af 20 úr Ásbyrgi, hin úr Vaglaskógi, fyrir kr. 41.530.00

Kostnaður við skógarhögg varð kr. 127.880.00, við eldivið og staura kr. 161.886.00, alls kr. 289.766.00

Athugandi er hvort ekki ætti að endurskoða verð á íslenskum jólatrjúm, tel það alltof lágt.

Í Vaglaskógi var aðallega höggvið í reitum nr. 321, 322 og 509. Auk þess voru hreinsuð burt tré, brotin og skemmd á fjölförnustu stöðum hér í skóginum.

## G R Ó Ð R A R S T Ö Ð.

-----

### a. Nývirki og umbætur.

Engar umbætur eða nývirki gerð á árinu.

### b. Fræplöntur.

Sáð var í gróðurhúsið 9. maí og var öðrum sáningum að mestu lokið 18. s. m.

Sáningarnar tókust í heild vel, þó sérstaklega í gróðurhúsinu.

Teknar voru upp um 55 þúsund plöntur frá því vor og vafðar eftir Nisulaaðferð í haust.

Sáð var 8.35 kg. í 486 m<sup>2</sup> að vorinu og að hausti var sáð 4.35 kg. í 14.5 m<sup>2</sup>.

Tilbúið er nokkuð af plastvafningum til að sá í að vori.

### c. Dreifsetning.

Dreifsettar voru 195.800 plöntur, allt unnið í tíma-vinnu. Reynslan sýnir að stúlkurnar fást ekki lengur til að vinna að dreifsetningunni í ákvæðisvinnu.

Dreifsetning hófst 25. maí og lauk 23. júní. Aðallega unnu þrjár stúlkur að dreifsetningunni.

Áætlun um dreifsetningu stóðst í aðalatriðum. Afhentar voru 23.500 birkiplöntur og 8.000 stafafurur til dreifsetningar.

Í október og nóvember voru dreifsettar, þ. e. vafðar í plast, eftir Nisula aðferð um lóo þúsund plöntur, birki, lérki, furra og greni.

Unnið var að þessu í svo ófullkomnum húsakynnum að það hefði ekki verið framkvæmanlegt, nema vegna þess hve frost voru væg. Er nauðsynlegt að bæta þar um ef starfsemin á að geta lagað sig að breyttum aðferðum.

Áður hefur verið gerð grein fyrir ýmsum kostum aðferðarinnar, svo að ekki verður farið frekar út í það hér.

Vonandi tekst þessi fyrsta tilraun vel, þó að hún sé kanske heldur stór. Samt er þó byggt á reynslu hvað svörðinn snertir.

Sendar voru tvar svarðarprufur til Satoturve Oy ( Torvforskningsinstitútet ) í Hyrylä í Finnlandi. Báðar prufurnar voru teknar á Kambsstöðum í Ljósavatnsskaði. Prufa I tekin í 80 cm. dýpt, prufa II tekin í 180 cm. dýpt.

Í ljós kom að næringarinnihald var mjög lágt, aðeins bór og járn óvenju hátt, jafnframt voru gefnar leiðbeiningar um áburðarmagn.

Kostnaðurinn við að vefja 98.500 plöntur varð kr. 50.592.- Er þar aðeins reiknuð vinnan við það stig framleiðslunnar og og þó ekki talin með vinna skógarv. sem vann við þetta allan tímann.

Við betri aðstaður ætti að mega gera auðveldari alla vinnu-tilhögun, bæði við hökkun á sverði, blöndun áburðar o. fl.

Um 300 l. af sverði fara til að vefja lóoo plöntur.

#### d. Hreinsun.

Þrjár stúkkur unnu við hreinsun í gróðrarstöðinni. Af lyfjum var notað gegn illgresinu White spirit, Simasín, á saningar og dreifsetningar og Weedasol og Grammoxone á gangstíga.

#### e. Umbúnaður.

Kostnaður við vetrarumbúnað varð 3.4% af rekstri stöðvarinnar. Sningar voru þaktar með fjalldrapa og birkilími, en sandi dreift með dreifsetningum frá vorinu.

f. Afhending.

Afhentar voru 128.810 plöntur. Var það tæplega 10 þúsund plöntum færra en áætlað. Munaði þar aðallega um birki og rauðgreni.

Til afhendingar 1973 verða 133 þúsund plöntur, þar af 43 þúsund birki, 46 þúsund rauðgreni, 33 þúsund stafafurur, 8 þúsund bergfurur og 3 þúsund lerki.

g. Garðplöntur.

Garðplöntur og hnausplöntur úr skóginum voru seldar fyrir um 73 þúsund krónur.

Settir voru niður 2000 græðlingar af viðju og 700 af alaskaösp, ýmiss kvæmi.

Í undirbúningi er garðplöntuuppeldi þó í smáum stíl sé.

h. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað:

Kg.  
50 kalksaltpétur,  
135 kalkammon,  
140 kali hrst.s.  
85 þrífosfat  
235 12-12-17-2  
100 dolomítalk.

Aðaláburðar skammtar voru gefnir að vorinu, en viðbót í júlí og ágúst.

Sú breyting varð nú á að ekki var ekið neinum húsdýra-áburði í reitina í haust, en þess meira af sverði, eða um 45 tonnum. Á að nota þennan svörð til sáninga í gróðurhúsin og til að vefja í plöntur.

i. Annað.

Sundurliðun kostnaðar við rekstur gróðrarstöðvatinnar sýnir um 75% hækkun á rekstri stöðvarinnar f. f. ári.

Flestir liðir hækka verulega vegna kauphækkana og þá sérstaklega dreifsetning og hreinsun. En eins og áður er getið var nú ekki dreifsett í ákvæðisvinnu.

Einnig er búið að vefja um 100 þúsund plöntur sem ekki voru með á áætlun.

Tekjur og gjöld gróðrarstöðvarinnar 1972.

	<u>Tekjur.</u>	<u>Gjöld.</u>
Seldar og afhentar plöntur	683.640.-	
Verkstjórn.....		26.520.00
Ráðskona.....		104.040.00
Séningar.....		67.456.00
Dreifsetningar.....		263.160.00
Garðplöntur.....		14.144.00
Pottun.....		2.040.00
Vökvun.....		24.808.00
Afhending.....		125.256.00
Illgresiseyðing.....		188.768.00
Jarðvinnsla.....		13.600.00
Vetrarumbúnaður.....		32.640.00
Smíðar.....		14.960.00
Ymislegt.....		65.688.00
<u>Samtals kr.</u>	<u>683.640.00</u>	<u>943.160.00</u>

Skemmdir urðu ekki í gróðrarstöðinni af völdum frosta né myglu.

Engin mygla sást á plöntum, hvorki þeim sem sprautaðar voru né heldur hinum, sem ekki voru úðaðar.

S. l. haust var enn úðað gegn myglu, bæði með Antisopp og Benlate.

Til gamans hefi ég tekið saman afhendingu plantna árin 1962 - 1971.

Afhentar hafa verið 131.4 þúsund plöntur að meðaltali á ári og eftir því sem næst verður komist er verið á plöntu kr. 3.00.

Verðmæti framleiðslunnar hefur verið árlega 374. þúsund krónur og gjöldin 389 þúsund krónur.

Það er vonandi að plöntuframleiðslan komist af stigi óskhyggju eins og verið hefur og byggt verði á raunverulegum framleiðslukostnaði.

7. GRÓÐURSETNING.

a. Yfirlit, undirbúningur, áætlun.

Gróðursettar voru 20.790 plöntur og var kostnaður á plöntu kr. 2.38. Aðallega unnu fimm menn við gróðursetninguna.

Í Sigríðarstaðaskógi eru tilbúnir til gróðursetningar  
u 3.0 ha. og í Þórðarstaðaskógi um 1.0 ha.

b. Plöntunartími og flatarmál.

Í Vaglaskógi var gróðursett 6. - 9. júní, í Sigríðar-  
staðaskógi 7.- 10. júní og á Sandhaugum 12. - 13. júní.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegundir.</u>	<u>Aldur.</u>	<u>Kvæmi.</u>	<u>Reitur.</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Hvítgreni	2/2	M. Pass	Hálsm.	250
"	Rauðgreni	3/3	Namdalse.	208	250
"	Bergfura	2/3	Ht. Confl.	Hálsm.	600
"	Stafafura	2/2	Skagway	409 s.hl.	8.200
"	Lerki	2/2	Hakask.	Hálsm.	300
					<u>9.600</u>
Sigríðarst.	Bergfura	2/3	Ht. Confl.		120
"	Stafafura	2/2	Skagway		5.000
					<u>5.120</u>
Sandhaugar	Hvítgreni	2/2	M. Pass		470
"	Bergfura	2/3	Ht. Confl.		2.400
"	Stafafura	2/2	Skagway		3.000
					<u>5.870</u>
Ásbyrgi	Rauðgreni	3/3	Namdalse.		200
					<u>20.790</u>
	<u>Samtals</u>				<u>20.790</u>

Í Vaglaskógi var gróðursett í reit nr. 409 s. hl. eins og  
áður greinir. Þar var áður gúið að gróðursetja rauðgreni, sem  
hefur vaxið mjög hægt. Var borið á það s. l. vor og í vetur  
var tekið þarna mest af þeim jólatrjám sem héðan voru seld.

Verður haldið áfram gróðursetningu í norðurhluta sama reits  
og þá einnig áburðargjöf og töku jólatrjáa.

Í Sigríðarstaðaskógi var gróðursett neðan vegar, frá hliði  
vestur með girðingunni og verður haldið þar áfram næsta vor.

Bil milli plantna var 1.4 x 1.4 m.

Frankvæmdir Skógræktarfélagss S.-Þingeyinga.

Í Fossselsskógi var gróðursett dagana 14.- 16. júní og aftur 26. og 27. júlí, en þá eru gróðursett 1700 rauðgreni, Trysil.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegundir.</u>	<u>Aldur.</u>	<u>Kvæmi.</u>	<u>Plöntufj.</u>
Fossselsskógur	Hvítgreni	2/2	M. Pass	1.500
"	Rauðgreni	3/3	Namdalse.	2.420
"	"	3/3	Trysil	1.700
"	Bergfura	2/3	Ht. Confl.	2.615
"	Stafafura	2/2	Skagway	3.700
				<u>11.935</u>
Illugastaðir	Birki	2/2	Hallormsst.	1.300
"	"	2/0	Geitagerði	500
"	Lerki	2/2	Hakask.	250
				<u>2.050</u>
Ártún, Grýtb.hr.	Birki	2/0	Geitagerði	150
"	Bergfura	2/3	Ht. Confl.	300
"	Stafafura	2/2	Skagway	300
"	Lerki	2/2	Hakaskoja	450
				<u>1.200</u>
Fellsskógur	Rauðgreni	3/3	Namdalse.	3.000
Stafn	Stafafura	2/2	Skagway	1.000
Veðiheimili, Laxam.	Birki	2/2	Hallormsst.	900
"	"	3/3	Bæjarst.	400
				<u>1.300</u>
Árnes, Aðaldal,	Birki	2/0	Geitag.	1.500
"	"	2/2	Hallormsst.	900
"	"	3/3	Bæjarst.	550
"	Bergfura	2/3	Ht. Confl.	100
"	Stafafura	2/2	Skagway	100
				<u>3.150</u>
	<u>Samtals</u>			<u>23.635</u>

Í Fossselsskógi hafa nú verið gróðursett 271.450 plöntur.

Kostnaður vegna framkvæmda í Fossselsskógi varð kr. 114.882.00 og skiptist þannig:

Grisjun v/ gróðursetningar.....	27	stundir	kr. 4.050.00
Gróðursetning.....	186	"	- 27.900.00
Hirðing, áburðargjöf.....	70	"	-
" úðun.....	96	"	-
" umhirða, grisjun.....	53	"	- 32.850.00
Viðhald girðinga.....	248	"	- 37.182.00
" skála.....	16	"	- 2.400.00
Laun ráðskonu.....	70	"	- 10.500.00

Samtals. 766 stundir Kr114.882.00

Bætt var 245 staurum 5 f. fúav. og 160 staurum 6 f. fúav. í girðinguna um skóginn, ennfremur var girðingin á Skuldaþingey stauruð upp svo að nú má hún heita samilega fjárheld. Sauðfé var farið að leita meira úr eyjunni upp í skóginn og skemma plöntur, aðallega lerkí.

Kostnaður við gróðursetningu varð kr. 2.35 á plöntu.

Úðaðir vorum um 6 ha. með birkiteinungi, notað var lyfið Kratt Kverk.

Grisjaðir voru um 1.0 ha. vegna gróðursetningar.

Höggvið var ofan af og klippt frá plöntum í reitum nr. 4 og 5 og klippt frá í nr. 10.

Borið var í plöntur í reitum nr. 1, 3, og 10. Í þeim fyrstnefndu voru tekin llo jólatré til sölu í sýslunni.

Keyptar voru trjáplöntur í Fossselsskóg fyrir kr. 56.483.00.

Agóði af sölu jólatrjáa og greina varð kr. 58.519.00.

Skógarvörður sá um sölu á jólatrjám og greinum á Húsavík og dreifingu til útibúa kaupfélaganna í sýslunni.

Skógarvörður sá einnig um allar ~~skýr~~ framkvæmdir félagsins í Fossselsskógi, dreifingu plantna til deilda félagsins, auk bókhalds vegna alls þessa, vinnu í Fossselsskógi og töku á jólatrjám.

## 8. HIRÐING.

---

### a. Hirðing, grisjun, úðun og áburður.

Í Vaglaskógi var höggvið ofan af plöntum í reitum nr. 321, 322 og 509.

Þá voru klipptir og lagfærðir toppar á lerki í reitum nr. 307, 309 og 318.

Borinn var tilbúinn áburður á rauðgreni í reit nr. 409, s. hl. og voru svo tekin þar rauðgreni til sölu í vetur.

Farið var um fjölförnustu staði í skóginum og fjarlægð brotin og skemmd tré.

Í Sigríðarstaðaskógi voru grisjaðir um 3.0 ha. fyrir gróðursetningu næsta árs.

Í Fellsskógi var haldið áfram að hreinsa frá plöntum eftir föngum.

Í Þórðarstaðaskógi voru úðaðir um 4.0 ha. með birki-teinungi í framhaldi af úðun s. l. ár. Þar var einnig klippt nokkuð frá plöntum.

Í Ásbyrgi var unnið talsvert að grisjun og hirðingu á skóginum þar og einnig var borið á rauðgreni þar

## 9. VEGAGERÐ.

---

Vegaframkvæmdir voru engar, en Vegagerð ríkisins sá um heflun vega sem var þó langt frá því að vera fullnægjandi.

Ofaniburð vantar nauðsynlega í vegina hér í skóginum, svo að vart verður við unað lengur. Sama er að segja um veginn inn í Ásbyrgi.

## 10. BYGGINGAR.

---

### b. Viðhald og endurbætur.

Viðhald og endurbætur á byggingum voru með minna móti. Samt var málað þak á Vöglum II, borið á glugga og hurðir. Þar var einnig máluð forstofa, tvö herbergi í kjallara og og bílskúr var málaður og oífuborinn.

Verkfæragæymsla og starfsmannabústaður voru máluð og olíuborin utan.

Í starfsmannabústað voru steingólf máluð, hæð og gangur. Þar þarf í vor að mála bæði eldhús, þúr og snyrtingar.

Ekkert var átt við að lagfæra húsið á Vöglum frekar, aðallega vegna veikinda ábúandans þar, svo að ekki vannst tími til þess. Verður að mála allt húsið að utan, næsta sumar.

Um Brúarlund er það að segja að ekkert er við það hús annað að gera en rífa og það sem skjótast. Það er ekki vansalaust fyrir Skógrækt ríkisins að láta þessa ljótu bragga standa á svo fögnum stað. Vafalaust verður líka farið að taka rafurmagn af húsinu, þar sem lagnir eru ekki löglegar lengur.

## 11. VÉLAR OG VERKFÆRI.

### a. Mótórvélar.

Í júní battist við ný Ferguson dráttarvél og var það til mikilla hagsbóta.

Reksturskostnaður dráttarvéla varð kr. 14.218.00, þar af olíur fyrir kr. 8.453.00

Notkun var talsvert minni en árið áður, sérstaklega vegna þess að afar lítið var unnið að skógarhöggi.

Bifreiðin þ 1484 var notuð á sama hátt og áður. Reksturskostnaður varð kr. 49.673.00 benzín og olíur, annar kostnaður kr. 33.176.00, alls kr. 82.849.00. Ótalin eru þá snjódekk sem keypt voru s. l. haust.

Það væri áreiðanlega hagkvæmast að endurnýja bílakostinn sem fyrst.

### b. Vélar og verkfæri.

Kjarrsagirnar eru nú sem óðast að verða útslitnar og ónýtar. Er þegar búið að taka aðra þeirra í varahluti. Tímaspursmál hvað hin endist.

Kjarrsagirnar þarf að endurnýja og sama er að segja um Mac Cullogh keðjusögina í Ásbyrgi, sem alveg er að gefa sig.

Nauðsyn er að kaupa viðarkleyf og fleiri tæki.

## 12. Ý M I S L E G T.

-----

### a. Ferðafólk.

Ferðafólk var margt í sumar og var umgangni góð, ef undan er skilin verzlunarmannahelgin. Þrátt fyrir fámenni um þá helgi var umgengni slæm og veður leiðinlegt.

Um 20 unglingar frá Húsavík unnu hér að hreinsun í einn dag og luku ekki verkinu að fullu.

Alveg sérstaklega skal enn mynnt á þörfina fyrir snyrtingar hér í skóginum með rennandi vatni.

Umgengni í Ásbyrgi virðist ekki vera nægilega góð og talsvert þer á því að flög séu að myndast þar sem mest er tjaldað.

Til marks um umferðina þar má geta þess að dagana 10.- 24. júlí fóru 2.245 bílar um Ásbyrgi, en um þar mundir var samkomu haldin þar á vegum ungmennasambandsins. Er full ástæða til að segja upp þeim samningi sem Skógrækt ríkisins gerði við sambandið og taka hann síðan til endurskoðunar. Á það vil ég hér með benda.

Áburður var borin á tjaldstaði bæði hér í skóginum og í Ásbyrgi.

Kostnaður við útivistarsvæði varð kr. 102.061.00. Þar af í Ásbyrgi kr. 59.432.00 og er þar talin með vinna við grísjun skógarins.þar.

### b. Fundahöld og eftirlitsferðir.

Skógarvörður sá að venju um allar framkvæmdir í skóglendum Skógræktar ríkisins, ennfremur framkvæmdir Skógræktarfélags S.-Þingeyinga í Fossselsskógi, leiðbeindi við gróðursetningu að Illugastöðum, Ártúni og Árnasi.

Farnar voru ýmsar eftirlitsferðir, í Ásbyrgi og víðar.

c. Ýmislegt.

Sömu félagasamtök og áður héldu samkomu um verzlunarmannahelgina hér í skóginum, fengu leiðinlegt veður og var talið að tap yrði á samkomunni.

Í Ásbyrgi var haldin samkoma í júlí, var það að venju Héraðssamband N.-Þingeyinga, sem þar var að verki.

Sáð var grasfræi í um 4 1/2 ha. lands á Hálsmelum og bornir á 70 sk. af áburði.

Á Beðgsárhöfða var sáð í 7.1/2 ha. lands og bornir á 60 sk. af áburði. Lagði Landvernd þann áburð fram án endurgjalds, ásamt fræi. Er gert ráð fyrir að halda þar áfram áburðardreifingu og sáningu.

Þess skal getið að undirritaður, ásamt með Indriða Indriðasyni, fékk tækifæri til þess að fara til Noregs á gróðrarstöðvanámskeið á Sönsterud dagana 4. - 7. júlí, en einnig ferðuðumst við þar nokkuð um og skoðuðum gróðarstöðvar.

Að því loknu héldum við til Finnlands í fimm daga ferð til að kynna rekstri gróðrarstöðva þar.

Fyrir þetta vil ég láta í ljós þakklæti mitt til stjórnar norsku Þjóðærgjafarinnar, sem veitti styrk til fararinnar, til skógræktarstjóra fyrir aðstoð og velvild og til forstmáster Usko Leskinen, sem skipulagði fyrir mig förina til Finnlands.

Við sáum það áþreifanlega að kominn væri tími til þess fyrir okkur að breyta til um rekstur gróðrarstöðvanna á ýmsan hátt og reyndar er þegar sumt af því komið í framkvæmd, árangurinn verður vonandi til hagsbóta fyrir stofnunina.

Það er varla hægt að ljúka þessum skrifum hér án þess að geta þess hversu mjög skortir hér á starfsaðstöðu, ekki aðeins með tilliti til breyttra framleiðsluhátta, heldur vantar vékageymslu, aðstöðu til viðgerða til þess að birkja og fúaverja staura.

Víst eru nóg verkefni framundan, aðeins með góðri skipulagningu verða þau löyst á viðunandi hátt.

Vöglum 3. febrúar 1973.

*Álfur Guðmundsson*